

## **Héraðsfundur Austurlandsprófastsdæmis**

### **Kirkjumiðstöðinni á Eiðum 11.apríl 2021 kl. 11-17**

Vinsamlegast fyllið inn í eftir því sem við á í stuttu máli.

#### **Starfssemi í: Fáskrúðsfjarðarsókn Austfjarðarprestakalli**

**Hefðbundið helgihald**(Eitthvað sérstakt sem ástæða er til að taka fram): Gott væri að fá fram hvernig helgihald og safnaðarstarf gekk með tilliti til heimsfaraldurs og sóttvarnartakmarkanna, líka það sem ekki gekk (Það eru gagnlegar upplýsingar fyrir okkur)

Á síðasta ári reyndi mjög á prest og starfsfólk, vegna covid og fátt var með hefðbundnum hætti. Sóknarprestur og prestar prestakallsins voru þó fljót að tileinka sér tæknina. Þegar höftin voru sem mest var greinilega góð samvinna með prestum, organistum og kórfólki sem tók sig saman um að streyma stundum frá kirkjunum. Má þar nefna vandaðar messur frá stórhátíðum, bæði páskum og jólum. Einnig var mörgum helgistundum streymt, sem voru teknar upp í kirkjunni eða jafnvel á heimilum sóknarprests og presta og þegar ekki mátti kalla til kóra, tóku stundum söngvari og tónlistarmaður í Reykjavík þátt í stundunum. Sunudagaskólar sem voru á streyminu fengu gott áhorf og einnig jóladagatalið svo fátt eitt sé nefnt.

**Kórastarf:** Það hefur verið lítið hvetjandi og erfitt úthald hjá litlum kór að geta sjaldan komið saman og stopular æfingar vegna kórónuveirunnar.

**Barna- og æskulýðsstarf:** Barnarstarfið var öflugt á þeim tímabilum sem var hægt að koma saman.

**Starfsfólk í kirkjustarfi:** Allt starf, utan organista, er sjálfboðið. Bæði starfskvennanna í barnastarfinu, meðhjálpara starfið og svo hefur sóknarnefndarfólkið skipt með sér þrifum á kirkjum undanfarin ár.

**Annað, en hefðbundið helgihald**(s.s. Biblíulestrar, tólf spora starf): Ekkert slíkt á tímum covid.

**Sérstakir kirkjulegir viðburðir**(utan hefðbundinnar þjónustu, s.s. kirkjuafmæli, vísitasíur eða annað): Ekkert slíkt á tímum covid.

**Viðhald á kirkjuhúsi/safnaðarheimili**(sérstakar framkvæmdir utan hefðbundins reksturs):

Styrkir frá Minjastofnun vegna endurnýjunnar á gleri (420 rúður) í Fáskrúðsfjarðarkirkju og til Kolfreyjustaðarkirkju vegna viðhalds á hurðum,gluggum og veggjum utan húss. Fyrir liggur að endurbyggja klukkuturninn á Fáskrúðsfjarðarkirkju.

**Kaup á nýjum munum eða gjafir til helgihalds (s.s vegna streymis):** Loðnuvinnslan gaf nýjan upptöku/streymisbúnað í Fáskrúðsfjarðarkirkju að upphæð kr. 400.000. (Það þurfti að endurnýja fjögurra ára gamlan streymisbúnað.

**Kirkjugarður/ar**(framkvæmdir, aðrar en venjubundin hirðing): Unnið hefur verið eftir ákveðinni áætlun miðað við aðstæður og eftir því sem fjármunir leyfa við endurgerð Fáskrúðsfjarðarkirkjugarðs.

**Sóknarnefnd:**

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Sími</i>	<i>Netfang</i>
<u>Eiríkur Ólafsson</u>	<u>Hlíðargata 8</u>	<u>860 8070</u>	<u><a href="mailto:heidarby@simnet.is">heidarby@simnet.is</a></u>
<u>Anna Ólafsdóttir</u>	<u>Álfabrekka 4</u>	<u>844 7817</u>	<u><a href="mailto:alfabrekka4@aimnet.is">alfabrekka4@aimnet.is</a></u>
<u>Svava Gerður</u>	<u>Króksholt 3</u>	<u>861 9059</u>	<u><a href="mailto:svavagm@skolar.fjardabyggd.is">svavagm@skolar.fjardabyggd.is</a></u>
<u>Ólafur Helgi Gunnarsson</u>	<u>Króksholt 5</u>	<u>860 1287</u>	<u><a href="mailto:olafurgun@simnet.is">olafurgun@simnet.is</a></u>
<u>Sigrún Ragnarsdóttir</u>	<u>Skólavegur 88a</u>	<u>861 5942</u>	<u><a href="mailto:litalind@simnet.is">litalind@simnet.is</a></u>
<u>Ingigerður Jónsdóttir</u>	<u>Bæjarstígur 1</u>	<u>846 6193</u>	<u><a href="mailto:inga.jons@simnet.is">inga.jons@simnet.is</a></u>
<u>Elvar Óskarsson</u>	<u>Túngata 7</u>	<u>475 1480</u>	<u><a href="mailto:boggahs@simnet.is">boggahs@simnet.is</a></u>
<u>Óskar Ingimar Gunnarsson</u>	<u>Skólavegur 85a</u>	<u>475 0515</u>	
<u>Oddrún Ósk Pálsdóttir</u>	<u>Álfabrekka 3</u>	<u>426 7970</u>	<u><a href="mailto:oddse1972@gmail.com">oddse1972@gmail.com</a></u>
<u>Eygló Aðalsteinsdóttir</u>	<u>Túngata 867</u>	<u>6177</u>	<u><a href="mailto:eya@skolar.fjardabyggd.is">eya@skolar.fjardabyggd.is</a></u>